

FRÉTTABLADÍÐ

38. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

MÁNUDAGUR 15. FEBRÚAR 2016



Kisurnar kættu á Korputorgi. Ættleiðingardagur Dýrahjálpar var á Korputorgi í gær. Þá gat fólk sem langar að ættleiða dýr skoðað þau. Einungis kisur voru á sýningunni en nokkrum þeirra var bjargað úr iðnaðarhúsnæði í Reykjavík í október. Þar björguðu starfsmenn Matvælastofnunar fimmtíu köttum. Hægt er að sækja um að ættleiða dýr á dyrahjalp.is. FRÉTTABLADÍÐ/ERNIR

Löggreglumaður talinn hafa spiltt húsleit

Talið er að löggreglufulltrúi sem var vikið úr starfi hafi varað einstakling í fikniefnaheiminum við yfirvofandi húsleit svo ekkert fannst.

LÖGREGLUMÁL Einstaklingur utan löggreglunnar hefur réttarstöðu grunaðs manns í rannsókn heraðssaksónara á meintri spillingu innan fikniefnaheiminum.

Upphaf rannsóknarinnar má rekja til löggreglufulltrúa sem var vikið frá

störfum er formleg rannsókn heraðssaksónara á hendur honum hófst.

Fyrnefnndur einstaklingur sem grunaður er um að tengjast fikniefnaheiminum mun í yfirheyrslu hjá heraðssaksónara hafa viðurkennt að löggreglufulltrúinn hafi að minnsta kosti einu sinni varað hann við því að löggreglan hygdist framkvæma húsleit í húsnæði sem hann hafði aðkomu að og grunur lék á að í væru fikniefni. Þannig tókst að tæma húsnæðið áður en aðgerð löggreglunnar hófst.

Löggreglufulltrúinn hefur í lengri tíma satt ásökunum samstarfsmanna og almennings um óeðlileg samskipti við aðila í fikniefnaheiminum, þar á meðal hinn grunaða.

Löggreglufulltrúinn er grunaður um að hafa lekið upplýsingum um

Herbert segir allt í heimildarmynd

FÓLK Verið er að leggja lokahönd á gerð heimildarmyndarinnar Can't Walk Away, þar sem fjallað er um tónlistarmanninn og sölumanninn Herbert Guðmundsson.

„Við erum búnir að elta hann meira og minna í fimm ár,“ segir Ómar Örn Sverrisson sem gerir myndina ásamt Friðriki Grétarsyni.

„Myndin verður opinská og hreinskilin, það verður sagt frá öllu. Það koma móment þarna sem eru erfið, bæði ófarir og gaman,“ segir Herbert sem lenti í ýmsum raunum við gerð myndarinnar.



Vilja afslátt því olíuverð lækkaði

UMHVERFISMÁL Fiskimjölsverksmiðjur brenda nú olíu við framleiðsluna að miklu leyti eftir mikla verðlækkun á olíu.

Félag fiskimjölsframleiðenda (FÍF) óskar eftir tugþrósentu lækkun á rafmagnsverði frá Landsvirkjun til að jafna olíuverði svo að verksmiðjurnar geti verið umhverfisvænni.

„Við fórum bara fram á það að rafmagn geti verið fyrsti kosturinn,“ segir Jóhann Peter Andersen, framkvæmdastjóri FÍF.

Björgvin Skúli Sigurðsson hjá Landsvirkjun segir ekki hægt að verða við kröfu verksmiðjanna.

„Við vonum auðvitað að hreinleiki íslensku raforkunnar réttlæti herra verð fyrir hana miðað við mengandi olíu, enda eru aðstæður á mjölmörkuðum nú mjög góðar,“ segir Björgvin. — shá / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKODUN

Árnastofnun vantar sýningarástöðu, segir Guðrún Nordal. 10

SPORT KR og Snæfell eru bikarmeistarar í körfubolta. 12

TÍMAMÓT Stofnaði félag nemenda með íslenskuna sem annað mál. 14

LÍFID Hljómsveitin The Vintage Caravan er í fyrsta sinn aðalnúmerið á tónleikaferð um Evrópu. 24

PLÜS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



ICE HERBS
NATURA ISLANDICA



LYFJA

10%
KYNNINGAR-
AFSLATTUR


Ný íslensk bætiefni
www.iceherbs.is

Vertu laus við
LIÐVERKINA!



NUTRILENK™
GOLD

Veður



Lægir mikið vestan til á landinu seitn í dag. Gengur í SA 13-20 á austanlands. Snjókorma eða slydda með köflum NA- og A-lands.

SJÁ SÍÐU 16



Sýrlensk módir og barn leituðu betra lífs í Líbanon. FRÉTTABLADÍD/VILHELM

Metfjöldi sótti um hæli í janúar

SAMFÉLAG Metfjöldi hælisleitenda kom til landsins í janúarmánuði. Þetta kom fram á málþingi UNICEF og Háskólans á Bifröst síðastliðinn fimmtdag sem fjallaði um flóttabörn sem koma til Íslands.

Næri fimmtdi manns sóttu um hæli á Íslandi í janúarmánuði en til samanburðar sóttu fjörtán um hæli á Íslandi í janúarmánuði 2014. Á öllu árinu 2015 sóttu tæplega 370 um hæli en allt árið 2014 176 manns.

Útlendingastofnun telur fjöldann í janúarmánuði benda til þess að stofnunin þurfi að uppfæra spár sínar riflega um fjölda hælisleitenda í ár. - kbg

Hvassviðri í veðurkortunum

VEDUR Það þykknar smám saman upp eftir hægvíðri síðustu daga á landinu en þúsundir Íslendingar nutu veðursins og nyttru til útvistar liðna helgi. Nú er stormur og hláka í kortunum.

Veðurstofan varar við suðaustanhvassviðri eða stormi á morgun með rigningu eða slyddu og hálku á vegum. Búist er við vestanstormi eða roki á landinu á þriðjudagsmorgun og 18 til 28 m/s á öllu landinu. - kbg



Hollusta Heimilisins



hágæða vítamín

Upplestur í húsgagnaverslun



„Þetta var bara frábært, við tókum eina stúdióibúð undir þetta og það fóru allir úr skónum og svona,“ segir leikarinn og rithöfundurinn Gunnar Helgason sem las upp úr bók sinni *Mamma klikk!* í Ikea í gær. Lesturinn var liður í landsátaskinu Allir lesa sem allir geta verið með í. FRÉTTABLADÍD/ERNIR

Skrópaði árum saman úr vinnu

SPÁNN Tæplega sjötugur embættismaður á Spáni, Joaquin Garcia, hefur verið dæmdur fyrir að hafa ekki mætt í vinnuna í að minnsta kosti sex ár. Hugsanlega í heil fjörtán ár, að því er breska dagblaðið The Guardian segir frá.

Þetta uppgötvaðist ekki fyrr en árið 2010 þegar bæjarstjórnin hugðist veita honum viðurkenningu fyrir að hafa sinnt starfi sínu dyggilega í 20 ár samfleyytt. Ástæðan fyrir því að hann hætti að mæta í vinnu mun vera einelti, sem hann varð fyrir vegna þess að pólitiskar skoðanir hans féllo ekki í kramið hjá yfirmönnum. Hann þorði ekki að segja frá af ótta við að missa starfið. Hann er sagður hafa notað tímann til heimspeklestrar og mun vera orðin sérfræðingur mikill í Spinzoza. - gb

Ástjarnarsókn vill 60 milljónir úr bæjarsjóði

Ástjarnarsókn vill að Hafnarfjarðarbær taki þátt í byggingarkostnaði húsnæðis fyrir sóknina. Byggja á kirkju og safnaðarheimili á næstu árum. Formður sóknarnefndar telur það eðlilegt þar sem íþróttafélög séu styrkt á hverju ári.

TRÚMÁL Ástjarnarsókn krefst þess að Hafnarfjarðarbær greiði 60 milljónir króna í kostnað við að byggja húsnæði fyrir sóknina í Vallahverfinu í Hafnarfirði. Byggja á safnaðarheimili og kirkju á lóð sóknarinnar á næstu árum. Sóknin hefur þegar fengið lóðina ókeypis frá Hafnarfjarðarbæ.

„Við erum að óska eftir stuðningi bæjarfélagsins, eins og aðrar kirkjur hafa fengið í gegnum áratugina styrki fyrir hin ymsu viðhaldsverk og annað sem við kemur starfsemi safnaða í Hafnarfirði,“ segir Geir Jónsson, formaður sóknarnefndar Ástjarnarsóknar.

Geir ritaði bæjarstjóra Hafnarfjarðar bréf 1. febrúar og óskaði eftir sextíu milljóna króna framlagi frá bænum til að kosta uppbyggingu húsnæðis kirkjunnar. Nefnir Geir að hann hafi átt fund með bæjarstjóra um framlög og stuðning til annarra sókna í bæjarfélagini.

„Út frá samantektinni er eðlilegt að álykta sem svo að stuðningur við Ástjarnarsókn ætti að nema um 60 milljónum króna. Mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt stjórnsýslulögum skulu stjórnvöld gaða jafnræðis eins og fram kemur í 11. gr. laganna. Þetta þýðir að Ástjarnarsókn á lögbindinn rétt á því að fá sambærilegan stuðning frá Hafnarfirði og aðrar sóknir hafa fengið á liðnum árum,“ segir í bréfi Geirs til bæjarstjóra.

Efni bréfsins var tekið fyrir á



Ástjarnarsókn segist eiga lögbindinn rétt á styrk frá bænum. FRÉTTABLADÍD/DANIEL



Geir Jónsson,
formaður sóknarnefndar Ástjarnarsóknar

allan af íþróttafélögum. Við byggjum hér mikið á barnastarf og þetta er bara ákvæðin þjónusta sem verið er að bjóða bæjarbúum upp á. Því sé ég ekkert á móti því að bærinn styrki kirkjuna í sínu starfi eins og íþróttafélögin.“

Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, vildi ekki meta það hvort krafa Ástjarnarsóknar væri réttmæt eða ekki.

„Ég tek enga afstöðu til málfeinissins. Það er kjörinna fulltrúa að taka ákvörðun um málid. Ég er aðeins framkvæmdastjóri bæjarfélagsins og er ekki í pólitík,“ segir Haraldur.

„Bærinn er að styrkja fjöldann
sveinn@frettabladid.is

fundi bæjarráðs í liðinni viku. Ákvæðið var að kenna hvernig önnur sveitarfélög taka á viðlíka málum og hvort greitt sé umfram það sem stendur í kirkjulögum.

Geir segir ekkert óedlilegt við að bærinn styrki söfnudóinn um 60 milljónir til byggingarinnar.

„Bærinn er að styrkja fjöldann



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.390.000 kr.



Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á ŠKODA Octavia G-TEC. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is



Aðstöðuna í Bláfjöllum þarf að bæta að mati rekstrarstjóra svæðisins.

FRÉTTABLADID/VILHELM

Örtröð í Bláfjöllum

ÚTIVIST Þúsundir renndu sér á skíðum í Bláfjöllum í gær. Einar Bjarnason, rekstrarstjóri skíðasvæðisins, telur að á milli 3.000 og 4.000 hafi rennt sér niður brekkurnar. Veturinn hafi farið frábærlægum stað. Þó sé ljóst að þörf sé á endurbótum.

Skiðaleigan annaði vart eftirspurn og myndaðist löng röð við hana. Einar segir fulla þörf að reisa nýjan skála. „Við erum bara með leigu hérrna ofan í kjallara í húsi sem var byggð árið 1983 og við önnur ekki eftirspurn lengur, svo einfalt er það. Það er náttúrulega ómurlegt að þurfa að láta fólk biða í röð og það er einfaldlega kominn tími á nýjan skála,“ sagði Einar. — kbg



Hermaður í Afganistan.

FRÉTTABLADID/EPA

Mannfall meira en nokkru sinni

AFGANISTAN Árið 2015 létu 3.545 almennir borgarar lífið vegna átaka í Afganistan, samkvæmt skýrslu frá UNAMA, mannúðarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Afganistan. Að auki særðust 7.457 almennir borgarar vegna árása og átaka þetta ár.

Þetta er meira manntjón en nokkurt annað ár frá því stofnunin hóf að fylgjast með manntjóni meðal almennra borgara í Afganistan, en það var árið 2009.

Almennt hefur manntjónið aukist ár frá ári. Í skýrslunni er bent að átökum komi verst niður á börnum og konum, enda hafi mannfallið meðal þeirra aukist mest.

Talibanaheyfingin og önnur uppreisnaröfl í Afganistan bera ábyrgð á flestum dauðsföllunum, eða 62 prósentum. — gb

Vilja 30% lægra rafmagnsverð

Fiskimjölsverksmiðjur eru kyntar til helminga með olíu sem verður sifellt ódýrari. Verksmiðjurnar biðja um mikla verðlækjun hjá Landsvirkjun sem telur hagnað þeirra nægan til að nýta græna orku í stað mengandi olíu.


SJÁVARÚTVEGUR Fyrirtækin sem hafa varið milljörðum í að rafvæða fiskimjölsverksmiðjur sínar brenna nú olíu við framleiðslu sína að miklu leyti. Olía er tölувert ódýrari orkugjafi en rafmagn eftir verðfall á heimsmarkaði síðustu misserin. Félag fiskimjölsframleidenda (FÍF) hefur fyrir hönd skjólstæðinga sinna farið fram á tugprósentala lækjun á rafmagnsverði við Landsvirkjun til að jafna olíuverðið. Landsvirkjun treystir ekki til að verða við því.

Jóhann Peter Andersen, framkvæmdastjóri FÍF, segir sína tilfinningu vera að orkunotkun verksmiðjanna í dag sé rafmagn og olía til helminga. Væri hins vegar keyrt á allri getu verksmiðjanna til framleiðslu með raforku þá væru hlutföllin $\frac{3}{4}$ rafmagn á móti $\frac{1}{4}$ svartolíu. Hann staðfestir að fundað hafi verið með forsvarsmönnum Landsvirkjunar að undanfördur en kannast ekki við að farið hafi verið fram á tiltekna prósentulækjunum á verði raforku til fyrirtækjanna.

Björgvin Skúli Sigurðsson, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar, segir að gríðarleg lækjun á olíuverði hafi gert Landsvirkjun erfitt um vik að keppa um viðskiptin. Stór hluti af rafmagnskostnaði sé fastur kostnadar tengdur háspennulínum og sköttum. Rafmagnið sjálft sé um helmingur af raforkureikningnum.

„Fiskibraðslur hafa því beðið Landsvirkjun um að lækka rafmagnsverðið um allt að 30% frá því í fyrra til að jafna núverandi olíuverð. Það er meira en við teljum okkur geta gert. Við vonum auðvitað að hreinleiki íslensku raforkunnar réttlæti hærra verð fyrir hana miðað við mengandi olíu, enda eru aðstæður á mjölmörkuðum nú mjög góðar,“ segir Björgvin.

Spurður af hverju fyrirtækin borgi einfaldlega ekki uppsett verð fyrir græna íslenska orku og hætti bruna á olíu með fyrirséðri mengun, segir Jóhann að þau séu í harðri samkeppni og verði að vera samkeppnishæf á erlendum mörkuðum. Hins vegar sé það rétt að markaðir með mjöld og lýsi séu mjög hagfelldir fyrirtækjunum um þessar mundir og eftirtekja verksmiðjanna mjög góð. Hins vegar verði að hafa í huga að fjárfesting við rafvæðingu hvírrar verksmiðju sé frá 300 til 700 milljónir og hún megi ekki verða til þess að þær verði óhagkvæmari en ella.



Í Vestmannaeyjum hefur 100% rafvæðing ekki verið möguleg vegna flutningsvanda til Eyja. FRÉTTABLADID/ÓSKAR

Við vonum auðvitað að hreinleiki íslensku raforkunnar réttlæti hærra verð fyrir hana miðað við mengandi olíu, enda eru aðstæður á mjölmörkuðum nú mjög góðar.

Björgvin Skúli Sigurðsson,
framkvæmdastjóri
hjá Landsvirkjun



Ellefu verksmiðjur – sjö fyrirtæki

- Fiskimjölsverksmiðjurnar í landinu eru ellefu talsins en tvær þeirra hafa ekki verið rafvæddar. Hinar eru mislant komnar í rafvæðingu og nokkrar geta keyrt alfarið á rafmagni.
- Verksmiðjurnar ellefu eru í eigu sjó fyrirtækja, og einna umsvifamest eru HB Grandi og Síldarvinnslan í Neskaupstaða.
- Árið 2003 var losun fiskimjölsverksmiðja 116,3 kiló af koltvisýringi á hvert hráefnistönn – árið 2014 fór útblásturinn niður í 39,4 kiló. Útblástur verksmiðjanna er því 66% minni en fyrir rafvæðingu.
- Fiskimjölsverksmiðjur kaupa skerðanlegt rafmagn. Í skilmálum er þess krafist að fyrirtækin hafi uppsett varaafli til að geta gripið til þegar skerðing á sér stað. Þessi krafa leggur þá kvöld á verksmiðjurnar að þær verða að halda gamla oliubúnaði sínum og hafa hann í fullkomnu standi þannig að hægt sé að skipta á olíu með litlum sem engum fyrirvara.

aftur í tímann, þá hefur enginn iðnaður lagt eins mikið til við að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda og þessar tilteknu verksmiðjur og við fórum bara fram á það að rafmagn geti verið fyrsti kosturinn,

en þegar olíuverðið er svona lágt þá þurfa menn að mætast einhvers staðar. Um það erum við að ræða við Landsvirkjun,“ segir Jóhann. svavar@frettabladid.is

Heimilisleg fæðingarstofa sett á fót

VELFERÐARMÁL Ljósmaðurnar Arney Þórarinsdóttir og Hrafnhildur Halldórsdóttir stefna á að opna fæðingarstofu með vorinu og standa nú fyrir söfnun vegna hennar.

„Fæðingarstofan mun bjóða upp á samféllda þjónustu eins og um heimafæðingu væri að ræða. Stofan er aðallega hugsuð fyrir konur sem koma utan af landi og langar að fá samféluda þjónustu en vantar stað til að fæða,“ segir Hrafnhildur.

„Þetta er líka fyrir konur sem kjósa að fæða í heimilislegu umhverfi en ekki inni á spítala og þiggja þjónustu frá ljósmaðrum sem þær þekkja og treysta. Þær fá þá þjónustu á meðgöngunni, í fæðinguunni og sengurlegunni.“

Búið er að fjármagna þær framkvæmdir sem ráðist verður í vegna opnunar stofunnar en enn á eftir að safna fyrir munum til að innréttá stofuna, svo sem rúmi, sängum og fæðingarlaug. Söfnunin hefst í dag á karolinafund.com undir nafninu Fæðingarstofa Bjarkarinnar. — snæ



Arney Þórarinsdóttir og Hrafnhildur Halldórsdóttir ljósmaður hafa starfað við heimafæðingar um árabil. FRÉTTABLADID/GVA



**Heimilis
RIFINN OSTUR**
Er nú á tilboði

Ómissandi á pizzuna,
í ofn- og pastaréttina,
á tortillurnar og salatið.

370 g

100%
ÍSLЕНSKUR ÖSTUR





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



EXTRA FLOTTUR AURIS HYBRID

Verð frá 3.810.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
framtíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

**EXTRA FLOTTUR AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 314.000 KR.
FYLGIR MEÐ AURIS HYBRID Í TAKMARKAÐAN TÍMA.***

Nú færðu Auris Hybrid með extra flottum aukahlutapakka að verðmæti 314.000 kr. Heilsársdekk, leiðsögukerfi**, filmur í rúður og krómlistar á hliðum. Þessi aukahlutapakki fæst aðeins í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota — komdu og reynsluaktu.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjavik
Njarðarbraut 19
Reykjavik
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Með Auris Live fylgja bakkskynjarar í stað leiðsögukerfis.

Bíllinn í þessari auglysingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hittir leiðtoga hinna ESB-ríkjanna á fimmtdagur. FRÉTTABLADÍD/EPA

Önnur ríki fái ekki sömu heimildir

BRETLAND Austur-evrópsk aðildarríki Evrópusambandsins vilja trygga að fyrirhugaður sérsamningur Evrópusambandsins við Bretland verði ekki að fordæmi sem önnur aðildarríki geti farið eftir.

Mestu munar þar um heimild Bretta til að neita íbúum annarra aðildarríkja tímabundið um atvinnutengdar bætur úr ríkissjóði.

Breska dagblaðið The Guardian hefur þetta eftir heimildarmönnum, sem sagðir eru þekkja vel til samningaviðræðna milli Evrópusambandsins og Bretlands.

Donald Tusk, forseti ráðherraráðs ESB, hefur að nokkrum fallist á kröfur Davids Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sem ætlar að efna til kosninga um aðild Bretta að ESB eftir að samningar hafa tekist.

Í dag ætla leiðtoga Póllands, Slóvakíu, Tékklands og Ungverjalandss að hittast í Prag til að ræða samninginn við Bretta. Á fimmtdaginn hefst svo í Brussel leiðtogafundur ESB. -gb

Ástarjátning í Basra



Í borginni Basra í Írak, þar sem sjá-múslimar eru í meirihluta, mátti í gær sjá þennan manna ganga harla stoltan um götur með ógnarstóra Valentínusargjöf, sem hann ætlaði að fá einhverjum í tilefn dagsins. NORDICPHOTOS/AFP

Gripinn með íslensk hvalbein í Baltimore

LÖGREGLUMÁL Hvalbein í fórum ferðamanns sem var nýkominn frá Íslandi voru gerð upptæk meðan staðreynt er hvort þau séu úr tegundum sem eru á lista yfir dýr í útrýmingarhættu.

Tollverðir á Baltimore Washington International flugvellinum í Baltimore gerðu athugasemdir við farangur farþegans sem þar lenti eftir flug frá Íslandi þegar hvalbein fundust í töskum hans.

Bandaríkska dagblaðið Baltimore Sun fjallar um málið og greinir frá því að manninum hafi verið sleppt að lokinni yfirheyrsli en lagt hafi verið held á hvalbeinum. Bandarísk alríkislög og alþjóðalög banna innflutting beina úr dýrategundum sem eru í útrýmingarhættu. Tollverðir í Baltimore eru að staðreyna hvort beinin séu úr slíkri tegund og ef svo reynist ekki vera fær maðurinn beinin afhent á ný.



Hvalbein sem maðurinn var með i töskum sínum.

MYND/BANDARÍSKA TOLLGÆSLAN

Að sögn Gísla Víkingssonar, hvalasérfræðings hjá Hafrannsóknastofnun, hafa allar hvalategundir sem heyra undir Alþjóðahvalveiðiráðið verið flokkaðar á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. -gip

Varaður við húsleit hjá sér af löggreglufulltrúa

Einstaklingur ótengdur löggreglunni hefur réttarstöðu grunaðs manns í rannsókn á spillingu innan löggreglunnar. Er tregur til að tala vegna réttarstöðunnar. Löggreglufulltrúi varaði hann við aðgerðum löggreglu að minnsta kosti í eitt skipti.

LÖGREGLUMÁL Einn einstaklingur sem ekki starfar innan löggreglunnar hefur réttarstöðu grunaðs manns í rannsókn héraðssaksóknara á meintri spillingu innan fikniefnadeilda löggreglunnar.

Upphaf rannsóknarinnar má rekja til málss löggreglufulltrúa sem var endurtekið færður til í starfi á liðnu ári eftir að kvartanir frá meirihluta fikniefnadeilda bárust inn á borð ríkislöggreglustjóra. Honum var svo vikið frá störfum í janúar þegar formleg rannsókn héraðssaksóknar á hendur honum höfst.

Löggreglufulltrúinn hefur í lengri tíma sett ásókunum samstarfsmanna og almennings um óeðilleg samskipti við aðila í fikniefnaheiminum, þar að meðal hinn grunaður. Fulltrúinn er grunaður um að hafa lekið upplýsingum um störf löggreglu og þannig spilt rannsóknum og aðstoðað aðila í undirheiminum.

Einstaklingurinn sem grunaður er um að hafa aðkomu að fikniefnaheiminum mun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, í yfirheyrsli hjá héraðssaksóknara hafa viðurkennt að löggreglufulltrúinn hafi að minnsta kosti einu sinni varað hann við því að löggreglan hygðist framkvæma húsleit í húsnæði sem hann hafði aðkomu að og grunur lék á að í væru fikniefni. Þannig tókst að tæma húsnæðið áður en aðgerð löggreglunnar hófst.

Óljóst er hvort peningar hafi skipt um hendur en einstaklingurinn mun hafa veitt löggreglufulltrúanum upplýsingar um umsvif annarra manna í fikniefnaheiminum gegn þessum viðvörum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur



Maður sem talið er að tengist fikniefnaheiminum hérlandis virðist hafa fengið viðvörum innan úr löggreglunni vegna yfirfondi húsleitar. FRÉTTABLADÍD/HEIDA

hann verið tregur til að tjá sig frekar í yfirheyrsli löggreglunnar um samband sitt við löggreglufulltrúann, vegna stöðu sinnar sem sakborningur.

Löggreglufulltrúinn gegndi yfirmannsstöðu í upplýsingadeild og fikniefnadeild á sama tíma. Þannig fór hann með upplýsingar sem uppljóstrarar komu með til löggreglu og hafði á sama tíma ákvörðunarvalravum það hvaða aðilar og mál væru tekin til rannsókna. Sömuleiðis hvaða mál væri ekki ástæða til að skoða frekar.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari segir rannsókn málsins miða vel. Hann getur ekki tjáð sig um málið að öðru leyti.

Ólafur segir uppljóstraraákvæði, þar sem veita má aðila sem gæti komið með upplýsingar um saknæma háttsemi annarra sem erfitt væri að sanna að öðru leyti, ekki lengur við lýði. Slíkt ákvæði var til

staðar í lögum um embætti sérstaks saksóknara sem fellu úr gildi um áramótin, en ákvæði gilti aðeins um efnahagsbrotamál.

„Þetta er alltaf erfið spurning. Um leið og þú ert farinn að sprýja aðila spurninga sem fela í sér mögulegar upplýsingar um brot viðkomandi þá kikka inn ákvæðin réttindi fyrir hann. Til dæmis ber að útvega sakborningi verjanda en ekki vitni. Þetta er réttindaspursmál fyrir þann sem verið er að tala við. Þetta er alltaf sjálfstætt athugunarefni þegar mál eru tekin upp,“ segir Ólafur.

Löggreglufulltrúinn er annar tveggja starfsmanna fikniefnadeilda sem nýlega var vikið frá störfum. Hinn er rannsóknarlöggreglumaður sem sætti gæsluvarðhaldi yfir áramótin vegna gruns um óeðilleg samskipti við aðila í fikniefnaheiminum. Málið er til rannsóknar hjá ríkissaksóknara. fanney@frettabladid.is

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin

Stórhófða 21 | s: 545 5500 | flis.is



Finndu okkur a facebook

SÍÐASTI SÉNS!



**TAX
FREE**
**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

DAGANA 11.-15. FEBRÚAR
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
skemmtilegast að versla



Adel al Jubeir, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, segir að Assad Sýrlandsforseti verði að hætta. NORDICPHOTOS/AFP

Repúblikanar vilja bíða sem lengst

Togstreitan milli repúblikanara og demókrata er hafin um dómarastöðu við Hæstarétt Bandaríkjanna. Eftir að Antonin Scalia lést sitja fjórir dómarar skipaðir af repúblikönnum í dómnum og fjórir skipaðir af demókrórum.

BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur tæpt ár til að skipa nýjan dómarar í Hæstarétt Bandaríkjanna, en ein staða þar losnaði þegar Antonin Scalia lést á laugardaginn.

Til bess þarf Obama hins vegar meiri hlutastuðning í öldungadeild Bandaríkjabjings, því deildin þarf að staðfesta skipan í dómarastöðuna.

Repúblikanar eru hins vegar með öruggan meiri hluta í öldungadeildinni, 54 þingmenn á móti 44 þingmönnum Demókrataflokkssins.

Bannig að demókratinn Obama þarf að velja dómarar, sem nokkrir repúblikanar geta hugsað sér að styðja. Annars missir hann af lestinni og skipun í embættið bíður þangað til nýr forseti tekur við, en það gerist þann 20. janúar á næsta ári.

Í Hæstarétti Bandaríkjanna sitja níu dómarar, en þeir hafa iðulega skipst í fylkingar eftir því hvort þeir hallast frekar að pólitískum sjónarmiðum repúblikanara eða demókrata.

Scalia þótti afar hægrisinnadur, en nú þegar hann er fallinn frá skiptast dómararnir jafnt eftir flokkslinum: Fjórir standa repúblíkönnum nær en fjórir demókrórum.

Margir repúblikanar vilja því endilega að skipanin dragist sem lengst, í von um að næsti forseti landsins komi úr þeirra röðum.

„Bandaríkska þjóðin á að fá að hafa sitt að segja um valið á næsta hæstaréttardómara,“ sagði Mitch McCon-



Hæstaréttardómararnir níu, meðan Scalia var enn á lifi. Hann situr á endanum lengst til vinstri. NORDICPHOTOS/AFP



Tefja, tefja, tefja.

Donald Trump, auðkýfingur sem sækist eftir að verða forsetaefni Repúblikanaflokkssins

nell, sem er leiðtogi repúblikanska meiri hlutans í öldungadeildinni. „Þess vegna á ekki að fylla í þetta skarð fyrr en við erum komin með nýjan forseta.“

„Tefja, tefja, tefja,“ sagði Donald Trump, auðkýfingurinn umdeildi sem vill verða forsetaefni Repúblikanaflokkssins. Og flokksbröðir hans, Ted Cruz, segir að flokkurinn megi ekki glata áhrifum sínum innan dómistólsins í heila kynslóð.

Demókratar sjá hins vegar enga ástæðu til að biða lengi með skipun í dómarastöðuna.

gudsteinn@frettabladid.is

Dómarar Hæstaréttar Bandaríkjanna

2010* Elena Kagan, 55 ára

Forseti: Barack Obama, demókrati

2009* Sonia Sotomayor, 61 árs

Forseti: Barack Obama, demókrati

2006* Samuel Alito, 65 ára

Forseti: George W. Bush, repúblíkani

2005* John G. Roberts, 61 árs

forseti Hæstaréttar

Forseti: George W. Bush, repúblíkani

1994* Stephen Breyer, 77 ára

Forseti: Bill Clinton, demókrati

1993* Ruth Bader Ginsburg, 82 ára

Forseti: Bill Clinton, demókrati

1991* Clarence Thomas, 67 ára

Forseti: George H.W. Bush, repúblíkani

1988* Anthony Kennedy, 79 ára

Forseti: Ronald Reagan, repúblíkani

1986* Antonin Scalia, var 79 ára

(lést 13. febrúar)

Forseti: Ronald Reagan, repúblíkani

*Skipun í embætti:



ISUZU
D-MAX

NÝR VINNUHESTUR FRÁ ISUZU VERÐ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA



ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI
PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA

3500KG

Bað þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbilarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatiðni og lítilrar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3500 kg.

Máðað við eyðasíður frá framleiðanda á þessum þáttum bil í þrónduðum akstum.

ENNEMM / SIA / NM73503

GE bilar
Reykjavík
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Bank of America áætlaðar að gull hafi selst fyrir tvö hundruð milljarða í vikunni. FRÉTTABLADÍD/GETTY

Gullsala rýkur upp við titring

VIÐSKIPTI Eftir storm á hlutabréfamörkuðum við vegar um heiminn í síðustu viku hefur fjöldi fjárfesta fært fé sitt úr hlutabréfum í gull. The Flow Show, vikulegt minnisblað Bank of America Merrill Lynch, sýnir að keypt var gull í vikunni fyrir haestu fjárhæð í sex ár, fyrir utan eina viku í byrjun árs 2015. Bank of America áætlaðar að fjárfest hafi verið í gulli fyrir 1,6 milljarða dollara, jafnvirði rúmlega tvö hundruð milljarða íslenskra króna.

Aukin sala á gulli er merki um óstöðugleika og skort á trú á markaðnum. Samkvæmt minnisblaðinu flæddu 6,8 milljarðir dollara, jafnvirði 860 milljarða króna, frá hlutabréfamörkuðum, og 2,5 milljarðar dollara, jafnvirði 317 milljarða íslenskra króna, úr skuldabréfum með háa ávöxtun. - sg



Verkalýðsfélagið semur við bæinn.

FRÉTTABLADÍD/GVA

Bara einn vildi fella samning

KJARAMÁL Kjarasamningur Verkalýðsfélags Akraness og Sambands íslenskra sveitarfélaga var í gær samþykktur með 97,8 prósentum greiddra atkvæða. Skrifad var undir samninginn 3. febrúar síðastliðinn.

„Á kjórskrá voru 219 félagsmenn. Greidd atkvæði voru 46 talsins svo kosningaþáttaka var 21 prósent. Já sögðu 44. Nei sagði 1. Einn seðill var auður og enginn ógildur,“ segir á vef verkalýðsfélagsins. Samningurinn er sagður strax taka gildi. - óká



Skrifað undir samstarfssamning.

Bein innspýting fyrir Reykjadal

FÉLAGSMÁL Orkan og Reykjadalur, sumar- og helgardvöl Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, hafa gert samstarfssamning sem felur í sér að velunnarar Reykjadals geta fengið sérstakan Orkulykil Reykjadals. Með lyklinum geta viðskiptavinir Orkunnar styrkt Reykjadal allt árið og fengið afslátt af eldsneyti um leið, að því er segir í tilkynningu.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur á undanförnum árum þurft að hagræða töluvert í rekstri. Meðal annars þurfti að loka öðrum af tveimur sumarbúðum á vegum Styrktarfélagsins og var öll starfsemin færð yfir í Reykjadal. Er nú allt að tveggja ára bið eftir dvöl. Því stendur til að stækka húsnæðið í Reykjadal og fjórlga með því plássum. - gar

Fjögur tilboð í útboði vegna líkamsræktar í Kópavogi

VIÐSKIPTI Fjögur tilboð bárust í fjórða útboði á rekstri líkamsræktarstöðva við sundlaugar í Kópavogi, sem lauk á þriðjudaginn. Fyrirtækin sem skiluðu inn gögnum voru Gym heilsa, Laugar ehf. rekstrarfélag World Class, RFC ehf. og Förlunda Gard AB.

Viðskiptablaðið greindi frá því í síðustu viku að allt stefndi í að Kópavogsbær myndi purfa að mæta World Class og Gym heilsu í dómsal vegna umdeilda útboða áður. Þrjú útboð hafa verið haldin áður. Engin gild tilboð bárust í fyrsta útboðinu. World Class vann annað útboðið árið 2014, hins vegar var ákveðið að ganga ekki

til samninga við fyrirtækið þar sem tilboðið uppfyllti ekki kröfur útboðsgagna. World Class hefur höfðað mál vegna þess. Þriðja útboðið var haldir í fyrra og þá var gengið til samninga við Gym heilsu. Í desember var forsvarmönnum hins vegar tilkynnt að tilboðið hefði ekki verið metið gilt, þar sem fyrirtækið uppfyllti ekki þau skilyrði sem bærinn fór fram á. Gym heilsa ætlað að stefna bænum vegna þess.

Verið er að fara yfir útboðsgögn vegna fjórða útboðsins og athuga hvort þau séu gild. Búast má við að málíð verði kynnt í bæjarráði í næstu viku. - sg



Þetta er fjórða útboðið sem Kópavogsbær heldur vegna reksturs líkamsræktarstöðva við sundlaugar í Kópavogi. FRÉTTABLADÍD/VILHELM

„Ég vil geta valið leiðirnar sem ég fer“



Með lögbundnum lífeyrissparnaði hjá Íslenska lífeyrissjóðnum geturðu valið ávöxtunarleið sem hentar þér og stjórnað því hvernig þú ráðstafar sparnaðinum eftir að þú hættir að vinna.

landsbankinn.is/lifeyrissparnadur

„Ég vil geta valið leiðirnar sem ég fer“

Sigurður Friðrik Gíslason
Viðskiptavinur Landsbankans

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000

SKOÐUN

Hvassari eggin



**Thorbjörn
Þórðarson**

thorbjorn@frettabladid.is

Pað eru aðrar leiðir færar til að ná sátt um peningastefnuna en upptaka nýs gjaldmiðils. Krónan hefur tvo slæma en óljákvaemilega fylgifiska. Annar er verðtryggingin og hinn háir vextir.

Þrátt fyrir lengsta stöðugleikatímabil núverandi

peningastefnu eru stýrivextir Seðlabankans 5,75%. Það

er ótrúlega háir vextir í samanburði við það sem þekkist

meðal annarra þjóða. Fylgiskarnir eru báðir afleidung

smáðar íslensku krónunnar sem getur af sér óstöðugleika.

Evran er raunhæfasti valkostur Íslendinga í peningamálum utan krónu. Þetta er niðurstaða 620 bls. skýrslu Seðlabankans frá 2012 sem var vilt að vettugi af þólitíkinni. Kannski kemur það ekki að sök því besti varamáður krónunnar hefur ekki reynst sérstaklega góður leikmaður.

Og evran er ekki bara að sliga ríkin í suðurhluta Evrópu.

Finnskt efnahagslíf hefur verið fast í stöðunum í rúmlega

þrjú ár samfleytt sem varð til þess að fjármálaráðherra

Finna kallaði evrulandið Finnland „nýjasta sjúkling Evrópu“.

Finnar eru komnir í niðursveiflu þar sem hagvöxtur hefur dregist saman two ársfjórðunga í röð. Finnland var

fyrirmynndarríki í evrusamstarfinu.

Finnar hegðuðu sér í samræmi við reglurnar og fylgdu Maastricht-skilyrðunum

framan af.

Samt eru Finnar í vandræðum á sama tíma og

jákvæð teikn eru á lofti í grannrikinu Svíþjóð.

Svíar eru ekki í myntsamstarfinu.

Þeir reka sjálfstæða peningastefnu

með sænskri krónu, flotgengi og verðbólgu markmiði.

Ástæður vanda Finna eru meðal annars þær að laun hækkuðu þar umfram framleiðnaukningu. Lærdómurinn af reynslu Finna er hins vegar sá að traustur og stöðugur gjaldmiðill er ekki ávísun á góð lifskjör þótt menn fari eftir leikreglum í hagstjórn. Pessi vitneskja breytir samt engu um galla íslensku krónunnar. Ef núverandi ríkisstjórn og þær sem á eftir koma sýna ráðdeild í ríkisfjármálum og laun á vinnumarkaði hækka ekki umfram verðmætaskópun er hins vegar mögulegt að ná betra valdi á krónunni.

Í augnablikinu er íslensk þjóð að ganga í gegnum lengsta verðstöðugleikatímabil frá því verðbólgu markmið Seðlabankans var tekið upp árið 2001. Það er hins vegar ekki höftunum, ríkisstjórninni og Seðlabankanum að þakka heldur að miklu leyti vagna áhrifa af alþjóðlegu verðfalli hrávara, eins og olíu.

Einn alvarlegasti bresturinn sem fylgir sjálfstæðri peningastefnu með krónu er innbyggður ójöfnudur sem felst í ólíkri stöðu launafólks, sem hefur tekjur í krónum, og atvinnurekenda sem hafa tekjur í gjaldeyri. Baráttá fólk fyrir launum í mynt sem rýrnar ekki og er ekki undirþorp sveiflum og óvíssu er eitt mikilvægasta baráttumál sem launafolk hefur staðið frammi fyrir frá afnámi vistar-skyldunnar árið 1894. Í því felst lykillinn að efnahagslegu réttlæti í okkar samfélagi. Það er eitt brýnasta viðfangsefni stjórnálanna að taka á þessu vandamáli og skapa sátt um peningastefnuna í leiðinni. Ein leið að þessu markmiði væri að þau fyrirtæki sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, eins og náttúru landsins og fiskinn í sjónum, greiddu eðlilegt og réttmætt endurgjald fyrir afnot af þessum auðlindum. Hér er ég að tala um ferðaþjónustuna og sjávarútveginn, þær atvinnugreinar sem skapa mestan gjaldeyri fyrir þjóðarþúði. Því háir vextir og verðtrygging er beiskur kaleikur örþjóðar sem þrjóskast við að viðhalda sjálfstæðri peningastefnu.

Íslenska krónan er vissulega tvíeggja sverð en eins og stendur visar hvassari eggin frá okkur.



Einn alvarlegasti bresturinn sem fylgir sjálfstæðri peningastefnu með krónu er innbyggður ójöfnudur sem felst í ólíkri stöðu launafólks, sem hefur tekjur í krónum, og atvinnurekenda sem hafa tekjur í gjaldeyri.

Halldór



Frá degi til dags

Túristi tekinn á beinið
Hvalbein í fórum ferðamanns sem var nýkominn frá Íslandi voru gerð upptæk meðan það var staðreynt hvort þau væru úr tegundum sem eru á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. Það voru tollverðir á Baltimore Washington International flugvellinum í Baltimore sem tóku ferðamanninn grunlausa á beinið en bandarísk alríkislög og alþjóðalög banna innflutning beina úr dýrategundum sem eru í útrýmingarhættu.

Samfélagsneiðin
Pítsusneiðin sem ellefu ára stúlkú var synjað um í Fellaskóla í síðustu viku varð táknað fyrir þann vanda sem skolasamfélagið stendur frammi fyrir þegar kemur að því að viðhalda jöfnuði. Fleiri frettir bárust af misjafni aðstöðu nemenda í skólam og nú sprýra menn sig hvort það sé svo að börn innflytjenda og efnaminn børn fai minni sneið en aðrir af samfélagskökunni í skólam landsins.

Formaður félags skólastjórnenda sendi fjlómiðlum sneið og sagði fréttatflutninginn óábyrgan til þess fallinn að skaða skolasamfélagið. En er það svo? Að minnsta kosti ætlar skóla- og fristundaráð ekki að sneiða hjá vandanum og heimsækir Árbæjarskóla í dag til þess að taka út mótneyttis-aðstöðu nemenda.

kristjanabjörð@frettabladid.is

Hús íslenskunnar á Melunum



GuðrúnNordal
forstoðumaður stofnunar Árna Magnússonar

Fyrir örfáum dögum var hér í blaðinu greint frá hugmyndum um höfdingjasetur í landi Helgafells í Mosfellsbæ þar sem svokallaðri gullold Íslendinga yrðu gerð skil. Visað er í bréf Halldórs Þorgeirssonar og Úlfss Hróbjartssonar til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þess efnis að það sé „helst í Árnastofnun og þjóðmenningarhúsi sem hægt er að kynna sér þessa þætti en hvort tveggja er mjög þurr og þróng nálgun á þetta blómaskeið Islands sögunnar“. Um leið og ég fagna þeim félögum í hóp þeirra sem vilja gera íslenska miðaldamenningu sýnilegri, verð ég að leiðréttá bagalegan misskilning er fram kemur í bréfi þeirra til Mosfellinga.

Í Árnastofnun er engin aðstaða til sýningar á handritum þjóðarinnar eða íslenskri miðaldamenningu, og því er í bréfina vísað í sýningar og nálgun sem ekki eru til. Með fréttinum er mynd af heimsókn Danadrottningar í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar árið 2013. Hún skoðar þar sýningu sem var um árabil í þjóðmenningshúsi, nú Safnahúsi, en var lokad síðar það ár.

Þegar handritunum var búinn staður í Árnagarði fyrir 45 árum var ekki gert ráð fyrir sýningaraðstöðu, enda á þeim tíma lögð höfuðahersla á aðstöðu til varðveislu og rannsókna. Ný umgjörð um handritin og önnur söfn stofnunarinnar, þá miklu rannsóknarstarfsemi og kennslu sem er innan Árnastofnunar og Háskóla Íslands í íslenskum bókmennitum og tungu, var því orðin löngum tímabær þegar Háskólinn og stjórn-völd höfði framkvæmdir við nýtt Hús íslenskunnar.

Þær framkvæmdir hafa því miður legið niðri í þrjú ár. Nú er ekki hægt að sjá Konungsþók eddukvæða og helstu handrit þjóðarinnar á sýningu í Reykjavík, bókmennitaborg UNESCO. Hvernig þætti okkur að koma til Ápenu og fá ekki að sjá Akrópolis? Í nýrri byggingu verður frábært sýningarrymi fyrir handritin og breytilegar sýningar, og glæsileg aðstaða fyrir gesti og gangandi. Tapaður tími þar til Húsið ríss er sama og glötuð tækifæri fyrir íslenska menningu og íslenska tungu – og auðvitað fyrir alla þá sem missa af því að upplifa handritin sjálf.



FÖSTUDAGURINN 12. FEB KL 20:00
FÖSTUDAGURINN 19. FEB KL 20:00
FÖSTUDAGURINN 11. MARS KL 20:00 LOKASÝNINGAR
LAUGARDAGURINN 12. MARS KL 20:00 LOKASÝNINGAR

„Ég hef ekki hlegid svona mikið síðan
ég skildi vid manninn minn.“

Fjórflokkurinn



Í DAG
Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Í stjórnálum snýst baráttan ekki síst um að segja söguna, vera ötull framleidandi á umræðu-efnum – vera frummælandi í þeirri sístreymandi frásögn sem gegnsýrir samfélagið. Og umfram allt: ekki láta öðrum eftir að segja sína sögu.

Við sjáum það til dæmis nú í miðju Borgunarhneykslinu, hvernig Vigdís Hauksdóttir strítar við að búa til ill-skiljanlegt hneykslismál úr gömlum prentvillum í lokaðum herbergjum þar sem við sögu kemur starfslið stjórnarráðsins í umfangsmiklu samsæri að mati málshefjanda, svo að athygli okkar beinist frá klíkurædinu sem virðist orðið allsrándi og óviðráðanlegt kringum númerandi stjórnvöld með afleiðingum sem við sjáum öll fyrir.

Kraekt í Svarta-Pétur

Í síðustu viku heyrði ég stjórnálmann sem starfað hefur að minnsta kosti frá níunda áratug síðustu aldar tala um að hugmyndin um klíkuræði væri „gamaldags stjórnmál“, rétt eins og viðkomandi stæði einmitt fyrir nýstárleg stjórnmál; annan stjórnálmann frá liðinni öld heyrði ég tala af innlifun um unga fólkid og vilja þess eins og alveg sérstakur málsvari þess. Petta er ágætt fólk, en óneitanlega hálf óskudagslegt svona í hálfvelgjulegi píratamúnderingu.

Sigmundur Davið hefur þó lært það af Davíð Oddssyni að vera yfirleitt sjálfur málshefjandi í eigin umræðuefnum, sem stundum eru nokkuð vel til fundin eins og þegar hann gerist áhugamaður um löngu tímaþæra rómantísku húsagerðarlist. Eina skipti sem hann flaskaði á þessu var þegar hann tók að þrátta við Kára Stefánsson með hroðalegum afleiðingum fyrir hann, þó að Kári sæist reyndar ekki fyrir og væri aður en lauk kominn í slíkan ham að hann

hætti ekki fyrr en hann var búinn að höggva sjálfur af sér fótin.

Það sem hrifur fólk við stjórnálmann eins og Bernie Sanders er hvernig hann rikir yfir eigin frásögn; hvernig hann kemur fram sem hann sjálfur, en ekki minnispunktamaskína, eins og Marco Rubio gerði svo eftirminnilega í kappræðum fyrir síðustu forkosningar þegar hann romsaði upp úr sér að minnsta kosti fjórum sinnum bragððaufri og örðrétti þulu um að Obama vissi hvað hann væri að gera. Sem var meira en sagt varð um Rubio garminn: Sanders er hins vegar frummælandi og talar þess vegna beint til fólk; maður við mann.

Að vera frummælandinn. Og um leið vera sinn eigin formælandi. Margt hefur illa lánað hjá Samfylkingunni eins og Árni Páll formaður flokksins rakti af ískaldri nákvæmni á dögumnum í frægu bréfi, sem kannski hefði mátt birtast svo sem ári fyrr – en ætli það sé ekki síst þetta: hvernig samfylkingarfólk hefur látið sér vel líka að láta öðrum eftir að ríkja yfir frásögninni af flokknum og því sem hann gerir. Það sést til dæmis á því að hvernig flokknum hefur tekist að láta stjórnarskrármálið snúast gegn sér: Petta var mál Samfylkingarinnar í upphafi, sérstakt hjartasmál Jóhönnu, flokkurinn kom því af stað af miklum metnaði, en linnti ekki látum fyrr en honum tókst að fá Svarta-Pétur í málinu og rígheldur svo í hann og neitar að láta hann af hendi hvað sem það kostar.

Samirassisminn

Stundum er eins og engum þyki vænt um Samfylkinguna. Flokkurinn virðist ekki eiga sér neina formælendur. Bara fólk sem formælir honum.

Samfylkingin er fórnarlamb fjórflokkalögðmálsins íslenska, sem er vel að merkja ekki það sem Vilmundur hélt fram hér í gamla daga – að fjórflokkurinn væri Sjálfstæðisflokkur, Framsókn, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag: það var fremur kænleg leið til að koma því inn hjá kjósendum að Bandalag jafnaðarmanna, þessi klofningsflokkur hans úr Alþýðuflokknum, væri þar með til



Stundum er eins og engum þyki vænt um Samfylkinguna. Flokkurinn virðist ekki eiga sér neina formælendur. Bara fólk sem formælir honum.

hlíðar við flokkakerfið; vettvangur fólkssins. Síðan hafa allir nýir flokkar gert þetta tilkall – að vera valkostur við „fjórflokkinn“. En fallist maður á þá hugtakanotkun skrifar maður um leið undir samarassismann; þá hugmynd að enginn munur sé á vintri og hægri; sami rassinn (ég játa að ég hef aldrei alveg skilið þessa líkingu) sé undir „þeim öllum“ rétt eins og þingmenn séu eitthvað allt annað fólk en við kjósendar sendum þangað inn á fjögurra ára fresti og komi okkur ekkert við. Þar með hætta stjórnálum að snúast um átök hugmynda og ólík sjónarmið um skiptingu gæða, almenn lög, rétt og rangt og fyrirkomulag almannabjónustu, sem hægri menn telja að eigi að vera í höndum einkafyrirtejkja með gróða að markmiði, en vinstri menn vilja að sé bæði greitt fyrir úr almannasjóðum og starfrækt á almannagrundvelli.

Smám saman hefur orðið til annar fjórflokkur en sá sem Vilmundur átti við. Hægra megin eru tveir flokkar, annar stórt bandalag um völd og áhrif og aðgang að gæðum, hinn fámenntara bandalag en ekki síður harðsnúið. Vinstra megin eru hins vegar alltaf fjórir flokkar. Stofnun Samfylkingarinnar var tilraun til að sameina þessa fjóra flokka sem þá voru vinstra megin: A-flokkana, Kvænnalistann og Þjóðvaka. Það tókst ekki betur en svo, að nú hafa íslenskir jafnaðarmenn val um að kjósa SF, VG, BF og Pírata, sem að vísu skilgreina sig sjálfir ekki endilega sem vinstri – eða hægri – flokk, en óánægðir kjósendum SF telja samt raunhæfan valkost.

Stundum finnst manni eins og vinstri menn hafi ekkert sameiningartákn annað en Svarta-Pétur.

Pröstur, Kosovo og Krím



Haukur
Jóhannsson
verkfræðingur



Hví ættu reglur um landamæri fullvalda ríkja að eiga við um Krím, en ekki um Kosovo?

ar, 24% Úkraínunnar og 12% tatarar.

Ýmsir réðu ríkjum á skaganum allt til 1783, þegar hann varð hluti Rússaveldis. Eftir byltingu 1917 varð Krím hluti af Rússneska sovét-sambandslyðveldinu. Árið 1954 voru liðin 300 ár frá því Úkraína varð hluti af Rússaveldi. Þá beitti Nikita Khrúsjsov sér fyrir því að Krímskaginn var fluttur í lögsögu Úkraínska sovétlyðveldisins; þess var þó ekki gætt að fara að stjórnarskrá Sovétríkjanna.

Krím varð sjálfstjórnarlyðveldi innan Úkraínu þegar hún fikk sjálfstæði 1991. Árið 1992 samþykkti Æðsta ráð Rússlands að flutningur Krím til Úkraínu hefði verið ólöggelur. Stjórnvöld kjörin á Krím 1994 hétu því að skila skaganum til Rússlands, en ekki varð af. Í samningi frá 1997 (á niðurlægingartíma Rússlands undir stjórn Jeltsíns) viðurkenndi Rússneska sambandslyðveldið svo að Krím væri hluti Úkraínu; hins vegar voru áhöld um hvort Sevastopol fylgdi með, en þar eru aðalstöðvar rússneska svartahafsfloata.

Eftir að löglega kjörnum forseta Úkraínu var velt úr sessi með blöðugum óeirðum snemma árs 2014, ný valdaránsstjórn hafði hrifsað völdin í Kænugarði og bannað rússnesku sem opinbert mál innan landsins, þá risu menn upp í austurhéraðunum, þar sem flestir tala rússnesku, og neituðu yfirstjórn valdaránsmannu. Kænugarðsstjórn fór síðan með mannskæðum hernaði gegn þessum löndum sinum. Krímsverjum tókst að komast hjá blóðsúthellingum, enda gengu flestir hermann Kænugarðsstjórnar sem sendir voru gegn þeim til liðs við þá. Þjóðaratkvæðagreiðsla var haldin um framtíð skagans, og erlendum eftirlitsaðilum boðið að fylgjast með. Því var hafnað. Af þeim sem kusu greiddu langflestir atkvæði með sameiningu við Rússland.

Hví ættu reglur um landamæri fullvalda ríkja að eiga við um Krím, en ekki um Kosovo?

Golfsettið ferðast frítt!

ÍSLENSKA STJÓRNS ICE 66/593 10/13



Aðild að Icelandair Golfers er innifalin fyrir korthafa Premium Icelandair American Express®

+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is



Golfers



Þarna kom það. KR hefur ekki alltaf gengið vel í bikarúrlitum síðstu ár en það var aldrei spurning hjá KR um helgina. FRÉTTABLAÐID/JÓHANNA

Bikargleði hjá KR og Snæfelli

Það var mikið um dýrðir í Laugardalshöllinni er KR náði að bæta fyrir tapið í bikarúrlitaleiknum í fyrra og kvennalið Snæfells varð bikarmeistari í fyrsta sinn. Umgjörðin var glæsileg og uppselt var í Höllina.

KÖRFUBOLTI KR og Snæfell urðu um helgina bikarmeistarar er þau lögðu andstæðinga sína í úrlitum Powerade-bikarsins. KR lagði Þór frá Þorlakshöfn nokkuð sannfærandi en kvennalið Snæfells lagði Grindavík í hörkuleik.

Helgi Már Magnússon var stjarnan í úrlitaleik karla. Hann skoraði 26 stig og var valinn maður leiksins. Þetta var fimmta ferð Helga Máss í Höllina og honum hafði aldrei tekist að vinna. Hann leggur skóna á hilluna næsta sumar og þetta var því hans síðasta tækifæri til að verða bikarmeistari. Helgi Már létt það tækifæri sér ekki úr greipum renna.

„Það var hrikalega gaman hjá okkur í gær. Þetta var eins og það að vera,“ sagði Helgi Már léttur í gær en hann var enn í sigurvímu eftir góðan dag og gott kvöld.

„Það kom aldrei til greina að tapa fimmta bikarúrlitaleiknum. Það hefði verið ótrúlega leiðinlegt. Ég var mjög vel gíraður og svo fékk ég skot í byrjun til að komast í gang. Það var geggjað að vera valinn bestur í þessum lokabíkarleik mínum.“

Stemningin í húsinu var mögnuð og uppselt, sem gerist ekki á hverjum degi.

„Það var gaman að því og ég veit ekki hvort það hefur gerst áður í

körfunni. Það segir margt um þann áhuga sem er á körfunni í dag.“

Snæfellshjartað skilaði þessu

Snæfell hafði farið tvísvar áður í bikarúrlit en ekki tekist að vinna þann stóra í Höllinni. Í þriðju tilraun hafðist það síðan.

„Snæfellshjartað skilaði þessum sigri. Gunnhildur (Gunnarsdóttir) var stórkostleg, Haiden (Palmer) var líka stórkostleg sem og liðið í heild sinni,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, alsæll eftir leikinn.

Gunnhildur Gunnarsdóttir, fyrirliði Snæfells, átti stórlieik og dró oft á tíðum vagninn fyrir sitt lið.

„Þetta er geggjuð tilfinning,“ sagði Gunnhildur eftir leik en hún skoraði 23 stig og setti niður fimm þriggja stiga skot í fyrri hálflieki. „Okkur vantaði þennan bikar í safnið og ég er mjög stolt af því að við náðum að landa honum,“ sagði Gunnhildur sem varð einnig bikarmeistari með Haukum fyrir tveimur árum en þá vann Hafnarfjarðarliðið einmitt Snæfell í úrlitaleik. En er öðruvísi að vinna bikarinn með Snæfelli en Haukum? „Þetta er náttúrulega mitt uppeldisfélag. Þegar ég var í Haukum var ég bara hluti af því liði. Nú er ég í Snæfelli og það er mitt félag.“ – hbg, ips



Fjöldi fólks kom úr Hólminum til þess að styðja sitt lið og Snæfells-stelpur stilla sér hér upp með sínu fólk. FRÉTTABLAÐID/JÓHANNA

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Man. City	1–2	Tottenham
Aston Villa	0–6	Liverpool
Arsenal	2–1	Leicester
Sunderland	2–1	Man. Utd
Norwich	2–2	West Ham
Everton	0–1	WBA
Swansea	0–1	Southampton
Bournemouth	1–3	Stoke
C. Palace	1–2	Watford
Chelsea	5–1	Newcastle

Efst

Efst	Neðst
Leicester	53
